

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um kostnað og umfang vegna fræðslu um kynþáttafordóma

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 6. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands.

Hver er kostnaður skóla í Reykjavík vegna fræðslu til að sporna við rasisma í skólakerfinu ásamt umfangi, þ.e. kostnaður vegna fræðslu til starfsfólks, kostnaður vegna fræðslu til nemenda, kostnaður vegna fræðslu til foreldra og hlutfall skóla sem buðu upp á ofangreindar fræðslur. Hvaða skólar buðu upp á ofangreindar fræðslur. Óskað er eftir upplýsingum fyrir árið 2022.

Svar:

Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað vegna fræðslu um kynþáttafordóma í skóla- og frístundastarfi. Enginn ákveðinn liður er á fjárhagsáætlun vegna þessa málaflokks og engin sérstök skráning er vegna málaflokksins í bókhaldi. Ekki er unnt að fletta upp heildarkostnaði vegna aðkeyptrar fræðslu/fyrirlesara nema að fara í gegnum staka reikninga.

Rétt er að taka fram að nokkuð framboð er innan borgarkerfisins af fræðslu um fordóma, haturstjáningu, menningarnæmi og fjölbreytileika. Þá fræðslu geta skólar sótt sér án endurgjalds hjá skóla- og frístundasviði og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Flestir skólar Reykjavíkur hafa fengið þessa fræðslu, sumir margoft sem hluti af símenntun starfsfólks og reglulegri foreldrafræðslu. Ekki er haldið sérstaklega utan um hvaða skólar fá hvaða fræðslu en það mun væntanlega breytast með tilkomu Torgsins, fræðslugáttar Reykjavíkur.

Reglulega eru haldin ýmis konar námskeið á vegum skóla- og frístundasviðs sem tengjast málaflokknum. Þau námskeið eru kennurum og starfsfólki skóla að kostnaðarlausu. Dæmi: Brú milli landa, námskeið um hvítleika, námskeið um menningarnæmi o.fl. Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um hvaða starfsmenn hafa sótt námskeið hingað til.

Fræðslumyndbönd sem tengjast málaflokknum s.s. myndbönd um fyrirmyndir og upptökur frá fyrirlesturum hafa verið gerð aðgengileg án þess að skólar greiði sérstaklega fyrir.

Skólar hafa stundum leitað til frjálsra félagasamtaka eftir fræðslu. Bæði í forvarnarskygni en einnig þegar upp hafa komið mál tengd kynþáttafordómum og kynþáttahyggju. Allur gangur er á því hvort/hvernig rukkað er fyrir þá fræðslu. Einstaklingar og hagsmunasamtök hafa einnig sinnt fræðslu í skólum, bæði með starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Foreldrafélög hafa einnig staðið fyrir fræðslu og sótt fyrirlesara frá skóla- og frístundasviði eða mannréttindaskrifstofu, til frjálsra félagasamtaka og einstaklinga.

Í spurningarvagni haustið 2022 voru stjórnendur leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva spurðir út í haturstjáningu. Sjá viðauka.



Viðauki

Niðurstöður um hatursorðræðu í spurningavagni til stjórnenda í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimulum og í félagsmiðstöðvum frá haust 2022

Spurning 1:

Hefur þú sem stjórnandi séð eða frétt af haturstáknum í leikskólanum/grunnskólanum/frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni síðasta ár? Dæmi um haturstákn birtast í veggjakroti, borðaristum, límmiðum o.fl. þar sem merki öfgahópa birtast. Dæmi um slík merki eru t.d hakakross, fasistamerki, merki nýnasista, 1488 og margt fleira.

Svör:

| | |
|-------------------------|------------------|
| <u>Leikskóli</u> | 1 af 63 sögðu já |
| <u>Grunnskóli</u> | 6 af 37 sögðu já |
| <u>Frístundaheimili</u> | 1 af 34 sögðu já |
| <u>Félagsmiðstöð</u> | 9 af 16 sögðu já |

Spurning 2:

Hefur þú sem stjórnandi heyrt eða frétt af hatursorðræðu í leikskólanum/grunnskólanum/frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni síðasta ár? Dæmi um hatursorðræðubegar er þegar lítið er gert úr viðkomandi vegna útlits, uppruna, fötlunar, kyns, kynvitundar, kyngervis, kynhneigðar eða trúarbragða. Þetta getur birst sem stríðni, uppnefni og brandarar – stundum liggur ekki illkvittni að baki ummælum af þessu tagi en þau teljast samt hatursorðræða.

Svör:

| | |
|-------------------------|-------------------|
| <u>Leikskóli</u> | 10 af 63 sögðu já |
| <u>Grunnskóli</u> | 30 af 37 sögðu já |
| <u>Frístundaheimili</u> | 17 af 34 sögðu já |
| <u>Félagsmiðstöð</u> | 16 af 16 sögðu já |

Spurning 3:

Ef þú svaraðir já við annarri hvorri spurningunni um haturstákn eða hatursorðræðu eða báðum, til hvaða ráða var gripið til að sporna við og uppræta haturstjáningu í leikskólanum?

Svör:

Leikskóli:

- Vinna með bækur, sögur og fjölmennigarlegan efnivið þar sem rætt er um fjölbreytileika
- Fræðsla frá Regnbogavottun Reykjavíkur
- Fræðsla um Blæ og Opinskátt um ofbeldi
- Tekið á starfsmannamálum
- Félagsfærnisögur og persónubrúður
- Að ræða um gildi leikskólans



- Starfsmannasáttmáli

Grunnskóli:

- Fræðsla til starfsfólks og nemenda
- Unnið á nemendapingi
- Rætt við foreldra
- Rætt við nemendur
- Fræðsla frá Samtökunum '78
- Verkferlar gegn hatursorðræðu
- Regnbogavottun
- Hinsegin fræðsla
- Rætt um alvarleika „N“ orðsins

Frístundaheimili:

- Fræðsla um fjölbreytileikann
- Félagsfærnisögur
- Tákn fjarlægð
- Samtöl við börn
- Samtöl við foreldra
- Fræðsla til starfsmanna

Félagsmiðstöðvar:

- Veggspjöld nýtt til fræðslu um hatursorðræðu
- Rætt við skólastjórnendur um haturstákn
- Rætt við unglunga og foreldra
- Rætt um gildi félagsmiðstöðvarinnar og að hún sé fyrir alla
- Fræðsla um orð og afleiðingar